

Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi – FEBSEL

Fundargerð

4.fundur starfsársins

Fundarstaður: Félagsaðstaða eldri borgara á Seltjarnarnesi, Skólabraut 5–7

Fundartími: 11. október 2022 kl.16.30

Mættir: Kristbjörg Ólafsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Þóra Einarsdóttir, Stefán Bergmann, Inga Hersteinsdóttir og Ragnheiður Haraldsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundarefni:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram. Verður endurskoðuð og send til stjórnarmanna fyrir næsta fund.
2. Fjallað um Öldungaráðið og samskipti okkar við það, sem við teljum of lítil. KÓ les netpóst sem hún sendi Hildigunni Gunnarsdóttur, formanni ráðsins, um aukið samstarf og hlutverk okkar í að gæta hagsmuna eldri bæjarbúa. Einnig las hún ítarlegt svar formannsins þar sem tekið er undir óskir um meira samstarf. HG vill hitta stjórn FEBSEL fyrir fyrsta fund hennar með Öldungaráðinu.
 - Rætt er um hugmyndir um könnun á högum og vilja eldri bæjarbúa, sem hefur verið til umfjöllunar áður bæði í ráðinu og hjá félaginu. Slíkt er dýrt og takmarka þyrfti við einhverja tiltekna þætti. E.t.v. mætti miða fyrst og fremst við félagsmenn FEBSEL. Mætti gera í nafni

félagsins, en HG býður fram aðstoð. Hugsanlega er símakönnun raunhæfasti kosturinn fyrir þennan hóp.

- Velja þarf einn fulltrúa okkar til setu í Öldungaráði til viðbótar við þá tvo sem nú sitja þar. Sigríður gefur kost á sér og nýtur stuðnings allra. Aðrir aðalmenn frá okkur eru Kristbjörg og Petrea. Birgir Vigfússon yrði varamaður.
- Hvernig getur FEBSEL haft áhrif í Öldungaráðinu? Rætt um að leggja formlega fram erindi okkar og að fá frekari kynningar á áherslum bæjarins í málaflokknum.
- Aðeins er gert ráð fyrir þremur fjórum fundum í ráðinu árlega Spurning hvort það sé nóg í ljósi mikilvægis starfa ráðsins.
- Ákveðið að boða Hildigunni á næsta fund stjórnar FEBSEL, sem haldinn yrði fljótlega.

3. Inga Hersteins sendi okkur kynningu á „Út að borða saman” og veltir upp hvort eitthvað slíkt gæti orðið hér. Hugmyndin rædd og telja fundarmenn að það sé mikilvægt að koma á einhverju slíku samfélagsverkefni hér.

4. Rætt um að auka samskipti við eldri borgara á Seltjarnarnesi. Leggja þarf áherslu á mismunandi aldursflokka í framboði á samskiptum. Rætt um möguleika á húsnæði á Nesinu fyrir félagsstarf, t.a.m. fræðslufundi með veitingum.

- Verið er að endurnýja aðstöðuna í Félagsheimilinu. Er unnt að nýta það fyrir félagsstörf eldri borgara þegar framkvæmdum lýkur?
- Rætt um ýmsa samkomustaði á Nesinu og möguleika á að bjóða eldri borgurum til fyrirlestra og skemmtana.
- Fb síða FEBSEL orðin mun líflegri og getur það unnið með okkur við að fjölga félagsmönnum.
- Fjárhagur félagsins er góður og gerir okkur kleyft að kaupa fyrirlesara.

5. Nú er verið að senda út rukkanir fyrir félagsgjöldum. Rætt um ávinninginn af því að vera í FEBSEL og hvernig kynna mætti hann fyrir eldri borgurum á Nesinu. Appið Torgið er ekki nægilega kynnt og afsláttabækur ekki heldur.

Ákveðið að halda næsta fund miðvikudaginn 19. október kl.16.30.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 18.20

RH